

HJALTI HUGASON

„Handan við lífið bíður ekkert, ekkert“¹

Um birtingarmyndir dauðans og trúarinnar í ljóðheimi Hannesar Péturssonar

Hannes Pétursson (f. 1931) hefur verið meðal merkustu samtímahöfunda þjóðarinnar allt frá því hann sendi frá sér fyrstu bók sína, *Kvæðabók* (1955), þá rúmlega tvítugur að aldri. Til marks um þá viðurkenningu sem hann hefur hlotið má nefna að árið 2022 var hann sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands fyrir framlag sitt til bókmenntanna. Áður hafði Hannes fengið Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2012, Íslensku bókmenntaverðlaunin 1993 og Henrik Steffens-verðlaunin 1975. Þá er hann heiðursfélagi í Rithöfundasambandi Íslands og nýtur heiðurslauna listamanna. *Kvæðabók* Hannesar fékk fágætar viðtökur.² Þrátt fyrir það, sem og þann sess er hann ávann sér, var hann lengi umdeildur.³ Það sem einkum olli gagnrýni var að hann tók ekki að öllu leyti þátt í formbyltingunni sem stóð yfir um það leyti sem *Kvæðabók* kom út.⁴ Einnig þótti mörgum þjóðfélagslega ádeilu skorta í ljóð hans. Saga og menning, forn og ný, hafa vissulega sett sterkari svip á ljóðheim hans en félagslegur veruleiki þrátt

¹ Hannes Pétursson, *Ljóðasafn*, Reykjavík: Íðunn, 1998, bls. 107.

² Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim. Um ljóð Hannesar Péturssonar“, í Hannes Pétursson, *Ljóðasafn*, Reykjavík: Íðunn, bls. ix–xxxix, hér bls. ix. Silja Aðalsteinsdóttir, „Formbylting og móðernismi“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 17–173, hér bls. 110.

³ Sjá Eiríkur Guðmundsson, „Kvæðamaður. Um Hannes Pétursson skáld“, *RÚV*, sótt 10. september 2022 af <https://www.ruv.is/utvarp/spila/kvaedamadur-um-hannes-petursson-skald/33460?term=Hannes%20P%C3%A9tursson&rtype=radio&slot=2>.

⁴ Jón Yngvi Jóhannsson, „Alþjóðlegar bókmenntir frá Íslandi“, *Íslenskar bókmenntir. Saga og samhengi 2*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 527–653, hér bls. 611, 627–628. H.P. hefur verið talinn í hópi skálda sem endurnýjuðu ljóðahefð okkar án þess að taka þátt í að bylta henni. Guðbjörn Sigurmundsson, „Listaskáld, logandi vatn og einhyrningur“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1994, bls. 112–115, hér bls. 112.



fyrir að hans megi víða sjá þar merki.⁵ Einkum hefur þó rík tilfinning fyrir náttúrunni og samhljómur við hana einkennt ljóð Hannesar. Er þar bæði átt við hina ósnortnu náttúru og náttúruna sem umhverfi mannsins.⁶ Virðist sterk náttúrukennd enda hafa mótast með honum snemma á lífsleiðinni.⁷ Auk þessara sterku burðarvíða í kveðskap Hannesar, sögunnar og náttúrunnar, má benda á að þýskar og mið-evrópskar bókmenntir og menning hafa orkað sterkt á hann og koma merki þess víða fram. Gætir þar ekki síst áhrifa frá austurríska skáldinu Rainer Maria Rilke (1875–1926).⁸

Vegna stöðu Hannesar í nútímabókmenntum okkar er við hæfi að fjallað sé um ljóðagerð hans út frá sem flestum hliðum.⁹ Hér verður leitast við að rýna í kveðskap hans frá guðfræðilegu sjónarhorni og þá einkum út frá tveimur miðlægum stefnum á því sviði, það er dauðanum og trúnni. Um þessi tvö fyrirbæri gegnir um margt ólíku máli. Dauðann þarf ekki að skilgreina. Hann bíður okkar allra og við komumst ekki hjá að leiða hugann að honum einhvern tímann æv-

⁵ Félagsleg vitund Hannesar Péturssonar birtist meðal annars í andúð hans á styrjöldum og stríðsrekstri enda einkenndi kalda stríðið fyrri hluta skáldferil hans. Páll Valsson, „Umsagnir um bækur/Myglu sjónarinnar feykt burt“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1985, bls. 124–129, hér bls. 124–125. Eiríkur Guðmundsson, „Hrynjandi stundar og staðar. Hugað að söguljóðum í skáldskap Hannesar Péturssonar“, *Mimir. Blað félags stúdenta í íslenskum fræðum* 41/1994, bls. 78–89, hér bls. 79, 85–86. Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xiv, xviii, xxiii, xxxii–xxxiii, xxxvii. Guðbjörn Sigurmundsson, „Listaskáld, logandi vatn og einhyrningur“, bls. 112. Jón Kalman Stefánsson, „Og margsinis skalf hjartað af hamingju...“ *Lesbók Morgunblaðsins* 9. desember 2006, bls. 12.

⁶ Hjörtur Pálsson, „Umsagnir um bækur/Innlönd“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1969, bls. 82–86, hér bls. 85. Vésteinn Lúðvíksson, „Hamar með nýjum munni“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1981, bls. 41–58, hér bls. 49–57. Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xii. Silja Aðalsteinsdóttir, „Formbylting og modernismi“, bls. 113. Þorleifur Hauksson, „Víst er tíminn fugl. Ljóðaárið 2006“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2007, bls. 14–27, hér bls. 15–16.

⁷ Gisli Sigurðsson, „Hugsunin um fallvalteikann hefur sótt mjög á mig“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. desember 1991, bls. 6–8, hér bls. 6, 8. Hannes Pétursson, *Jarðlag í tímanum. Minningamyndir úr barnæsku*, Reykjavík: Opna, 2012, bls. 120–121, 166.

⁸ H.P. Þýddi m.a. eina af bókum Rilkes, *Geschichten vom lieben Gott* (*Sögur af himanföndur*, 1959). Hannes Pétursson, *Eintöl á vegferðum*, Reykjavík: Íðunn, 1991, bls. 99–102. Silja Aðalsteinsdóttir, „Formbylting og modernismi“, bls. 106–107. Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins. Umhverfi íslenskra skálda*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2014, bls. 180–189.

⁹ Hannes Pétursson hefur sent frá sér eftirfarandi ljóðabækur: *Kvæðabók* (1955, endursk. 1967), *Í sumardöllum* (1959, endursk. 1989), *Stund og staðir* (1962 og 1991), *Innlönd* (1968 og 1990), *Rímblöð* (1971), *Óður um Ísland* (1974), *Heimkynni við sjó* (1980 og 1988), *36 ljóð* (1983), *Eldhyllur* (1993), *Fyrir kvölddyrum* (2006) og *Haustaugu* (2018). Auk þess hafa tvívegis komið út safnrit með ljóðum hans: *Kvæðasafn 1951–1976* (1977). Hluti þess, „Ýmis kvæði 1969–1976“, hafði ekki komið út áður og *Ljóðasafn* (1998).

innar og taka jafnvel afstöðu til hans. Um trúna er öðruvísi farið. Mörg okkar líta svo á að þau séu trúlaus og trúna sé auðvelt að leiða hjá sér á öllum æviskeiðum, líka á dauðastundinni. Um það má deila og fer svarið eftir því hvað átt er við með trú. Trúarhugtakið þarfnast því skilgreiningar. Verður gerð atrenna að því í upphafi greinarinnar eða þó öllu heldur að lýsingarorðinu sem af því er dregið: trúarleg/trúarlegur/trúarlegt — ekki síst í samsetningunni „trúarlegt ljóð“.

Um dauðann og trúna í kveðskap Hannesar Péturssonar hefur verið fjallað áður. Í því sambandi ber einkum að nefna inngang Njarðar P. Njarðvík að síðari útgáfu ljóðasafns Hannesar frá 1998. Þar bendir Njörður meðal annars á að ljóð Hannesar veki þá ágengu spurningu hvort dauðinn sé óskiljanleg „ó-sköp“ er hafi tortímingu í för með sér. Í þeim sé þó jafnframt að finna þá hugmynd að í dauðanum felist sameining við hringrás gjörvallrar náttúrunnar.¹⁰ Ályktun Njarðar verður því að í ljóðunum megi finna þann boðskap „[...] að af því að ekkert tekur við eftir dauðann sé þeim mun brýnna að menn kunni að meta lífið og hina hverfulu tilveru, læri að skynja dýrð náttúrunnar og mikilvægi hvers andartaks sem okkur er gefið og náí að sigrast á illsku og hatri.“¹¹ Þá álitur Njörður að í ljóðunum megi einnig greina vísbendingar um trúarlega glímu.¹² Þar sé vikið að „hinu óhöndlanlega“, sem og tilvist æðri vilja sem sé „[...] ofar sérhverjum stað.“¹³ Í þessari grein verður fyllt út í þessa mynd með ítarlegri athugun en rúmaðist í bókariinngangi sem auk þess fjallaði um mun fleiri atriði en dauðann og trúna.

Hér er ekki gerð tilraun til að grafast fyrir um trú Hannesar Péturssonar né persónulega afstöðu hans til dauðans. Vissulega telja ýmsir sem fást við rannsóknir á lífsskoðunum að þær megi lesa út úr verkum skálda og annarra þeirra sem leggja stund á fagurbókmenntir.¹⁴ Hér skal því ekki hafnað en mjög fer það eftir eðli og inntaki bókmenntaverkanna og er misjafnt hve vel einstök ljóð og/ eða önnur verk einstakra höfundu henta til slíkra greininga.¹⁵ Ljóð Hannesar eru vissulega flest fremur „hugsunarlegs“ en tilfinningalegs eðlis. Því liggja þau nokkuð vel við í þessu efni. Við tilurð ljóðs orkar þó margt annað á huga skálds

¹⁰ Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xv–xvi, xvii, sjá og xxix, xxxi, xxxiv.

¹¹ Sama heimild, bls. xvii.

¹² Sama heimild, bls. xx, sjá og xxxviii–xxxix.

¹³ Sama heimild, bls. xxii–xxiii.

¹⁴ Anders Jeffner, *Livsáskádningsforsknig. Förslag och diskussion mot bakgrund av erfarenheter från projektarbetet*, Livsáskádnningar í det moderna samhället. Forskningsrapport nr. 7, Uppsölum: Uppsala universitet, Teologiska institutionen, 1976, bls. 21, 61–62. (Fjölrít). Sjá og ummæli Ólafis Jónssonar um „heimspeki“ í ljóðum H.P. Ólafur Jónsson, *Lika líf. Greinar um samtímabókmenntir*, Reykjavík: Iðunn, 1979, bls. 126–127.

¹⁵ Tom Hedlund, *Att förstá lyrik*, Stokkhólmi: Ordfront förlag, 2000, bls. 27–47.

en lífsskoðun þess. Því fer og oftast fjarri að Hannes Pétursson prediki í ljóðum sínum eða setji þar fram kaldhamraðar kennisetningar þótt hann láti víða í ljós einörð viðhorf eða spyrji ágengra og jafnvel leiðandi spurninga.¹⁶ Þó skal bent á eitt ljóð þar sem vel má líta svo á að hann játi tiltölulega afdráttarlaust afstöðu sjálfs síns til tilveru eftir dauðann en í spurningunni um hana lýstur saman fyrirbærunum tveimur, dauðanum og trúnni. Hér er átt við ljóðið „Í Goðdölum“.¹⁷ Það er kveðið til minningar um Sigurð Egilsson bónda á Sveinsstöðum og síðar í Stekkjarholti í Tungusveit og ber vitni um hlýja vináttu og aðdáun.¹⁸ Vegna þessa tilefnis sem og þess að í öllu ljóðinu er hinn gengni vinur ávarpaður milliliðalaust liggur beint við að líta svo á að hér tali skáldið sjálft og að ekki þurfi að taka ópersónulegan ljóðmælanda inn í myndina. Í lokin kemur fram ólík afstaða þeirra tveggja til dauðans:

[...]

Vinur sögu, söngs og ljóðs
þú sagðir mér að dauðans hönd
hún leiddi allt vort líf til góðs
er leysast mundu jarðarbönd.¹⁹

Ég veit ei slíkt, en vona þó
að veröld fögur opnast þér.
Ég fel þig dauðans dul og ró
því djúpi sem er hulið mér. (283)

¹⁶ Gísli Sigurðsson, „Hugsunin um fallvaltleikann“, bls. 6. Sjá og Bjarni Benediktsson, *Bókmenntagreinir*, Reykjavík: Heimskringla, 1971, bls. 269, 272. Sjá Ólafur Jónsson, *Líka líf*, bls. 127.

¹⁷ Ljóðið ort 1975 birt í *Kvæðasafni 1951–1976*, hafði ekki áður komið út á bók. Þegar vitnað er í ljóð H.P. er byggt á *Ljóðasafninu* frá 1998 svo langt sem það nær. Er þá vitnað í blaðsíðutal í svigum í textanum sjálfum. Til yngri ljóða er vísað með sama hætti en þá er titli bókanna bætt við til aðgreiningar. Hannes Pétursson, *Fyrir kvölddyrum*, Reykjavík: Mál og menning, 2006; sami, *Haustaugu*, Reykjavík: Opna, 2018. Þegar vitnað er í ljóð úr *Ljóðasafninu* í fyrsta sinn er tilgreint hvenær það var ort og í hvaða bók það birtist eins og hér er gert. Sjá Hannes Pétursson, *Ljóðasafni*, bls. 449–452. Ekki er mögulegt að tímasetja ljóðin úr yngri bókunum með sama hætti.

¹⁸ G[udbrandur] M[agnússon], „Fallnir félagar [Sigurður Egilsson]“, *Glóðafeykín: Félagsútdiði Kaupfélags Skagfirðinga*, 21. h., 1984, bls. 37–71, hér bls. 52–53. Um kynni Hannesar og Sigurðar í Stekkjarholti sjá Hannes Pétursson, *Jarðlag*, bls. 63–66, 82–84.

¹⁹ Í 5. erindi ljóðsins er „tryggðarvinurinn“ sem ávarpaður er í ljóðinu orðaður við „sigurtrú“. (282)

Hér viðrar skáldið raunverulegan og djúpstæðan efa um tilveru að þessu lífi loknu. Efinn sem kemur fram rúmar þó þá von að vininum verði að trú sinni hver svo sem raunin verði um skáldið sjálft. Á grundvelli þessa ljóðs má varpa fram spurningu um hvort Hannes Pétursson sé öðru fremur skáld efans og hvað það feli þá í sér.

Hér á eftir verður fjallað um dauðann eins og hann birtist í ljóðum Hannesar Péturssonar. Fyrst verður vikið að ljóðum þar sem litið er á dauðann sem algjör endalok alls en síðar þeim sem bregða upp öðrum sjónarhornum á hann. Að því loknu verður fengist við nokkur þemu sem lúta að trúnni: spurningum um jarðneska tilveru og opinberun leyndardóms að baki hennar, sem og efa gagnvart leyndardóminum en jafnframt djúpstætt öryggi mitt í efanum en færa má rök að því að glíma við fyrirbæri á borð við þessi sé trúarleg. Í upphafi verður því leitast við að kanna hvað felist í þessu margræða lýsingarorði.

Hvað er „trúarlegt“?

Í upphafi áttunda áratugar liðinnar aldar var gefið út kver undir heitinu *Trúarleg ljóð ungra skálda*. Hannes Pétursson átti flest ljóð eða átta af alls 40 ljóðum. Hann var í hópi elstu skáldanna og var rúmlega fertugur er bókin kom út. Líkt og afmörkunin á hópnum „ung skáld“ var greinilega teygjanleg er nokkuð óljóst hvað átt var við með „trúarleg ljóð“. Erlendur Jónsson getur þess í formála að fæst ljóðanna í bókinni séu „[...] trúarljóð í venjulegum skilningi, heldur aðeins trúarleg, ekki rétttrúnaður heldur spurning, leit.“²⁰ Þá getur hann þess að ekki sé um sálma að ræða og að ekki sé trúboð „predikað“ í neinu ljóðanna. Hins vegar komi „trúarefni“ fyrir í þeim öllum og telur þau „[...] jákvæð frá trúarlegu sjónarmiði.“²¹ Af þessum orðum má ráða að ritstjórnarnir hafi gengið út frá óljósri skilgreiningu á hvað sé „trúarlegt“. Þá tengja þeir „hið trúarlega“ við spurningar og leit ekki síður en játningar eða kenningar og að spurningarnar þurfi ekki að snúast um guðdóminn í þröngum skilningi — að minnsta kosti ekki í skilningi einstakra trúarbragða — heldur geti beinst að lífsgátunni í víðtækasta skilningi. Þessi afmörkun á hvað felist í „hinu trúarlega“ hefur sína kosti sem eru einkum þeir að hún er víðfeðm og opin. „Hið trúarlega“ þarf ekki að fela í sér mótaða afstöðu og enn síður játningu eða kenningu um sérstök trúarleg málefni né heldur tengjast ákveðnum trúarbrögðum eða trúarbrögðum yfirleitt. Vegna þessara lausu tengsla við „trúarstofnunina“ og hefðbundna orðnotkun hennar

²⁰ Erlendur Jónsson, „Formáli“, *Trúarleg ljóð ungra skálda*, Erlendur Jónsson og Jóhann Hjálmarsson völdu, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972, bls. 5–7, hér bls. 7.

²¹ Erlendur Jónsson, „Formáli“, bls. 7.

mætti allt eins ræða um „hið andlega“ (e. *spiritual*) í þessu sambandi.²² Í þessari grein er þó þörf fyrir frekari afmörkun á því hvað sé trúarleg spurning, fyrirbæri og jafnvel ljóð.

Íslensk orðabókarmerking lýsingarorðsins trúarleg/-ur/-t nær yfir hvað eina sem varðar trú. Merkingarsvið orðsins verður því ekki afmörkuð án þess að vikið sé að hugtakinu trú sem er alls ekki óumdeilt né auðvelt skilgreiningar.²³ Á þetta ekki síst við um skilgreiningar á íslensku þar sem orðið er, svipað og raunar gerist í fleiri tungumálum, í senn notað yfir trúarbrögð (e. *religion*) og einstaklingsbundna trú (e. *belief, faith*).²⁴ Hér verður ekki litið svo á að spurning, viðhorf eða þess vegna ljóð verði trúarlegt við það eitt að í því sé tekist á við lífsgátuna í víðum skilningi. Þess í stað verður miðað við að þar sé fengist við eitt eða fleiri af eftirfarandi þremur lykilyfirbærum: *Manninn* eða mannlega tilveru, þar á meðal dauðann; *heiminn*, eðli hans og upphaf og loks „*guð*“.²⁵ Þetta hafa lengst af verið helstu viðfangsefni trúarbragða og þau hafa til skamms tíma í ríkum mæli mótað afstöðu alls þorra fólks í þessum efnun. Nú er leitað svara við þeim spurningum sem fyrirbærin þrjú vekja út frá fleiri sjónarmiðum. Á það ekki síst við í hinum vestræna heimi þar sem algengt er að spurningunum sé svarað út frá veraldlegum lífsskoðunum. Þrátt fyrir það virðist ekki úr vegi að líta á spurningar á borð við þær sem hér um ræðir sem trúarlegar vegna stöðu þeirra innan margra trúarbragða enn í dag og hinnar sögulegu tengingar við þau. Þá má benda á að líklega verður þeim seint fullsvarað með hjálp vísindalegra aðferða og viðmiðana einna heldur verði einnig að kveða upp margs konar gildisdóma og byggja á ýmiss konar persónulegum viðhorfum til að svörin fullnægi þeim sem á annað borð spyrja þeirra af innri þörf. Þegar slík þörf er til staðar er velferð spyrjandans, tilfinning viðkomandi fyrir tilgangi, öryggi og lífsfyllingu, oft og tíðum undir því komin að tekist sé á við spurningarnar af fullum heilindum þótt endanleg svör séu tæpast innan seilingar.²⁶ Þegar sú er raunin má líta svo á að spurningarnar séu ekki síður tilvistarlegar (e. *existential*).

²² Owe Wikström, *Om heligheten. Helighetens envisa vägran att försvinna. Religionspsykologiska perspektiv*, Stokkhólm: Natur och kultur, 1997, bls. 103–108.

²³ Sjá Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú. Umfjöllun um fimm mismunandi trúarhugtök“, *Trú og hjóðfélag. Afmælisrit til heidurs Péturs Pétursyni prófessor sjötugum*, ritstjórar Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill Benedikt Hreinsson og Jónas Elíasson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021, bls. 285–297.

²⁴ Vissulega skarast merkingarsvið ensku orðanna *religion* og einkum *faith* í almennri umræðu. Í fræðilegu samhengi er greint skýrar á milli.

²⁵ Hér er ekki átt við persónulegan guð, til dæmis Guð kristinna manna, heldur guddóminn í víðasta skilningi.

²⁶ Sjá Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú“, bls. 286–287.

Til þess að spurning, fyrirbæri eða þess vegna ljóð verði hér talið trúarlegt verður einnig gengið út frá að í því megi finna tilvísun til annarrar víddar en hinnar veraldlegu, efnislegu eða „þessa-heimslegu“ (e. *immanent*), það er víddar sem kalla má handanlæga (e. *transcendent*). En flest trúarbrögð fela í sér skírskotun til slíkrar víddar. Það er á hinn bóginn hvorki nauðsynlegt að eðli og inntak slíkrar víddar sé útlistað né sjálf tilvist hennar viðurkennd. Svar við trúarlegri spurningu getur vitanlega verið neikvætt. Svörin geta því spannað allan skalann frá játningu til efa og jafnvel fullkominnar afneitunar.²⁷

Sem dæmi um ljóð eftir Hannes Pétursson sem endurspeglar vel þá vídd sem hér um ræðir má benda á lokaljóð „Heimkynna við sjó“ frá 1976:²⁸

Ei hálf leið
nær hugsun mín til þín.
Ég skynja þig
en ég skil þig ekki.
Afneitun mín og hik
er ígrundun um þig.

Mín innsta hugsun
er á heimferð til þín
— og þó innan þín
sem ert allar strendur.

[...]. (358)

Nærtækt er að líta svo á að hér sé guðdómurinn ávarpaður en í hugmyndum um hann kemur hin handanlæga vídd hvað sterkast fram.²⁹ Þá virðist hugmynd ljóðsins um guðdóminn mótuð af algyðistrú (e. *pantheism*) en samkvæmt henni

²⁷ Hér vaknar spurning um hvort telja beri viðhorf efasemda- og jafnvel vantrúarfólks trúarleg sem og hverjum beri úrskurðarvald í því efni, fræðafólki eða þeim sem í hlut eiga. Sjá Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú“, bls. 286. Í þessari grein er litið svo á að þegar um fræðilega umfjöllun sé að ræða beri fræðafólkinu að njóta frelsis til að setja fram eigin afmarkanir. Annars er eðlilegt að sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga sé virtur.

²⁸ Í bókinni bera ljóðin ekki sérstök heiti en eru númeruð.

²⁹ Í mun yngra ljóði, „Fyrirburði“, er dulin vídd tilverunnar einnig viðurkennd þegar spurt er í lokin: „En ráðgátalaus heimur, hvers virði væri hann?“ (*Hautstaugu*, bls. 17). Þá virðist slík vídd vera forsenda sem gengið er út frá í þriðja ljóðinu í bálkinum „Á þessum kyrru dægum“. Þar játar ljóðmælandi að hafa í „mannhroka“ ekki þakkað „gjafir náðar“ án þess að huga að verðskuldan sinni né heldur fullgildið huga og hjarta það sem þeim bar. (*Hautstaugu*, bls. 46, 47).

er guð óaðskiljanlegur frá alheiminum, er hvarvetna nærri og býr í öllu.³⁰ Ennfremur má halda því fram að í ljóðinu gæti svokallaðrar neikvæðrar eða apofatískrar guðfræði en hún kennir að ómögulegt sé að lýsa guði á nokkurn hátt nema með útilokunaraðferð. Athyglisvert er að ljóðmælandi jatar að hik sitt, efi og jafnvel afneitun sé í raun ígrundun um guðdóminn, leit að honum og því heimferð eða afturhvarf til hans. Trú og efi geta enda vegið salt í tilviki þess sem gætir fullra heilinda í leit sinni. Þá er athyglisvert að hér og raunar víðar í ljóðum Hannesar tengjast hik og efi.³¹ Líta má svo á að í því megi skynja ákveðinn tón í efanum. Hann virðist opin og dynamískur, rúma spurningar og leit, en ekki vera lokaður í höfnun eða afneitun.

Dauðinn — endalok alls

Í nokkrum ljóða Hannesar Péturssonar koma fram afdráttarlausar hugmyndir um dauðann sem algjör og óafturkræf endalok mannlegrar tilveru, dauðann sem endi alls.³² Þessi ljóð eru vissulega til þess fallin að vekja ágengar hugleiðingar og tilfinningar hjá þeim mörgu sem vona að tilvist okkar nái í einhverri merkingu út yfir gróf og dauða og reisa jafnvel hugmyndir sínar um tilgang jarðlífsins á slíku framhaldi þess.

Elsta ljóðið sem hér verður staldrað við er „Í kirkjugarði“.³³ Þar talar ljóðmælandi eindregið gegn hugmyndum um meðvitaða, einstaklingsbundna tilvist eða líf eftir dauðann:

Þeir sem heyra ekki, sjá né finna til framar
flytjast í garð sem þennan til móts við hina
er sögðu: Við deyjum til Drottins og gamalla vina.
En Dauðinn
sendir menn aldrei þangað. Þeir fá að vörum

³⁰ Helmer Ringgren, Åke Ström, *Religionerna i historia och nutid*, 6. útg., Stokkhólmi: Vebum, 1974, bls. 23.

³¹ Sjá „Að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd“ (1969, *Rímblöð*). (257)

³² Silja Aðalsteinsdóttir hefur bent á að í ljóðum H.P. komi ekki fram skelfing frammi fyrir dauðanum heldur gæti þar nýrómantískrar dauðaþrár sem skáldið hafi þó viljað rísa gegn. Silja Aðalsteinsdóttir, „Formbylting og módernismi“, bls. 109–111. Jóhann Hjálmarsson taldi aftur á móti dauðageig koma fram í *Í sumardölum* og víðar. Jóhann Hjálmarsson, *Íslensk nútímaljóðlist*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1971, bls. 191–209, hér bls. 200, 202–203. Hér er fremur litið svo á að jákvæð afstaða til jarðlífsins svipu hinn algera dauða eyðingarmætti sínum.

³³ Ort 1956 birtist í *Í sumardölum*.

þykkjan grafarleir á meðan við teygum³⁴
sólskin og ilm hollan úr hreinum kerum
hásumarvindanna. Aldrei mega þeir frammar
una hjá sjónum, liggja í lynggrænni heiði
ljósa vornótt ...

[...] (75)

Hér er kjörum látinna og lifenda lýst sem andstæðum: vit hinna dauðu eru byrgð lifvana leir meðan þau sem lifa kneypa sólskin og ilm hásumarvinda, una við sjó og grónar heiðar. Unaðssemdir sjávarsíðunnar sem og dala og heiða koma víða fram í ljóðum Hannesar og þá sem tákni lífs. Ekki er þó öllum sundum lokað fyrir hinum dánunum. Þau „[...] eiga þess kost um sumarlanga tíð / við fuglasöng að seytla upp eftir trjánun.“ (75) Í forgengileika og upplausn líkamans felst þrátt fyrir allt það líffræðilega ferli að samlagast gróðri jarðar og þar með náttúrunni og alheiminum.³⁵ Vel má líta á þetta sem lífeðlisfræðilega útfærslu á þeirri hugmynd að við hverfum inn í eilífa hringrás sem þó sé fullkomlega „þessaheimsleg“. Með manningnum býr með öðrum orðum engin sú eigind sem nefna má „handan-heimslega“ og lifir eftir dauðann.

Önnur ljóðabók Hannesar, *Í sumardölum*, hefur að geyma sérstakan tólf ljóða bálk, „Söngva til jarðarinnar“, sem ortur var á árunum 1956 (I–VII, IX, X, XII) og 1957 (VIII og XI).³⁶ Þar kemur hinn miskunnarlaus dauði nokkuð við sögu. Í VII. ljóði segir af kjúkuberum manni með augu eins og flugbeittur hnifur sem senn muni standa andspænis ljóðmælanda, stigna hann „djúpt í hjarta“ og stöðva það eins og klukku. Þá muni hann ekki verða klæddur í „[...] annað kært og nýtt hold“ heldur „[...] sofna undir voðum / úr holklaka, súrum jarðvegi, grýttri mold.“ (104) Næsta ljóð er svo líklega eitt þekktasta ljóð Hannesar um dauðann en það hefst á hendingunni „Undarleg ó-sköp að deyja“. Sá/sú/hán sem deyr hafnar í holum stokki þar sem himinn er „[...] fúablaut fjöl / með fáeina kvisti að stjörnum.“ (105) Þau sem lifa fá aftur á móti áfram að njóta þrumugnýs og barnshlátra, hreyfa við lokki, strjúka hvarm, fletta bókum, bera svaladrykk frá brunni og „[...] brauð, vín, hunang að munn.“ (105)³⁷ Hér eru

³⁴ Svipaðrar hugsunar gætir í þriðja ljóði bálksins „Stakar stundir hjá gröfum“. (*Haustaugu*, 29)

³⁵ Sjá Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xv–xvi.

³⁶ Ljóðin bera ekki sérstakt heiti hvert um sig.

³⁷ Skýringin á því hve dauðinn er áberandi í ljóðum H.P. kann að skýrast af því að í fjölskyldu hans var lögd áhersla á að börnin kveddu deyjandi og látin skyldmenn og tækju þátt í kistulagningum. Hannes Pétursson, *Jarðlag*, bls. 182–188. Einkum virðist stund

andstæður lífs og dauða málaðar sterkum litum. Dauðinn brýtur „spegla lífsins“, slekkur öll skilningarvit og sviptir manninn lystisemdum lífsins. (105) Athyglisverð er vísunin til altarissakramentisins sem víðar kemur fyrir í ljóðum Hannesar eins og síðar verður fjallað um.

Tíunda ljóðið í „Söngvum til jarðarinnar“ hefst svo með erindi þar sem afstaðan til dauðans sem hinna algjöru endaloka kemur hvað afdráttarlausast fram:

Handan við lífið bíður ekkert, ekkert.

Eggjárn Dauðans sker sundur grannan kveik
augna minna. Í myrkrinu týnist ég.

[...] (107)

Þetta viðhorf er ítrekað í næsta erindi. Þar slær ljóðmælandi á ýmsar hugmyndir um mannlega tilveru eftir dauðann. Þar með er tekinn upp þráðurinn úr ljóðinu „Í kirkjugarði“ sem ort var á sama ári. Broddurinn beinist gegn hugmyndum úr gyðinglegri og kristinni trúarhefð (Paradisarvist í aldingarði) og Valhallar-hugmyndum úr norrænum átrúnaði (veislugleði) en einnig hverdagslegri hugmyndum um framhaldslíf (endurfundur vina). Um það leyti sem ljóðin í „Söngvum til jarðarinnar“ voru ort og áratugin þar á eftir var trú á líf eftir dauðann útbreidd meðal Íslendinga og greindi þá t.d. frá öðrum norrænum þjóðum.³⁸ Afdráttarlaus yfirlýsing þess efnis að ekkert bíði mannsins „handan við lífið“ hefur því brotið í bága við ríkjandi viðhorf.

Líta má á *Heimkynni við sjó*, sjöundu ljóðabók Hannesar, sem samfelldan bálk sextíu ljóða sem ekki bera sérstök heiti heldur eru birt undir númeraröð. Þar gætir einnig hins miskunnarlausu dauða en í 42. ljóði er honum lýst sem almyrkri:³⁹

Næst er mér oft að halda:

Nótt kemur að

þegar á augu

andar hinztum svefni.

við kistu ömmusystur H.P. hafa orkað sterkt á hann og kann að hafa orðið kveikja að „Undarlegum ó-sköpum að deyja“ löngu síðar. Hannes Pétursson, *Jarðlag*, bls. 186–187.

³⁸ Björn Björnsson og Pétur Pétursson, *Trúarlif Íslendinga. Félagsfræðileg könnun*, Ritröð Guðfræðistofnunar 3/1990, bls. 22–26.

³⁹ Ljóðið ort 1973.

Ei stjörnunótt lík þeirri
er stúgur nú slæðudans
undir vetrarköldum þakhjálmi
þessarar strandar
heldur alsvört nótt
sem á ekki til
minnstu sprungu
handa miskunnsömu ljósi.
Nótt úr iðrum heims
gegnum alla sál vora. (340)

Í þeim ljóðum sem hér er vikið að kemur þannig fram alger afneitun á tilveru að þessu lífi loknu. Slík afstaða kann að leiða til tómhyggju og tilgangsleysiskenndar. Sú er þó ekki raunin í ljóðum Hannear Péturssonar. Sú lífssýn sem þar verður fyrir virðist byggjast á allt öðrum forsendum en hverfulleika og endalokum hinnar einstaklingsbundnu tilveru. Má þar einkum nefna ást skáldsins til áthaga sinna og náttúrunnar almennt. Í því sambandi nægir að benda á „Bláir eru dalir þínir“ en það er meðal elstu en jafnframt þekktustu ljóða Hannesar og gefur tón um margt sem á eftir kom.⁴⁰

Tíunda ljóðið í „Söngvum til jarðarinnar“ boðar ekki aðeins afdráttarlausu afstöðu til dauðans heldur tjáir ljóðmælandi líka sterka trú á jarðlífið og tilgang þess í sjálfu sér sem virðist grunntónn í þeirri lífsskoðun sem fram kemur í ljóðum Hannesar:

[...]

Jörðin er allt og miklu meira en nóg
ef mennirnir kynnu að lifa. Jörðin er nóg
— öll mín hamingja, allt sem ég þarfnast og vil.
Aðeins ég læri að njóta þess sem er til
af fegurð, ást, gleði, ég læri að lifa
löngu áður en næturþögnin úr trjánum
seytlar í eyru mín, sezt um kyrrt fyrir innan.

[...] (107)

⁴⁰ Ljóð ort 1951 birt í *Kvæðabók*.

Í sama ljóði kemur fram að listin að lifa felist í því að „[...] safna [...] lífinu saman / í sérhverri hreinni nautn: í lestri, í kossi — / svo allt verður tilfinning, dýrmæt og daglega ný.“ (107)⁴¹ Sé þann veg lifað verður jarðlífíð tilgangsríkt þótt ekkert bíði handan þess.

Sú trú á jarðlífíð sem hér kemur fram brýtur „brodd dauðans“ sem víða stingur í ljóðum Hannesar. Þegar allt kemur til alls er hinn algjöri og endanlegi dauði ekki „síðasti óvinurinn“ eins og postulinn ritaði í *Fyrri Korintubréfi* (15.26). Virðist raunar mega líta svo á að þessi jákvæða afstaða til lífsins sé rauði þráðurinn í ljóðheimi Hannesar hvort sem um er að ræða lífið úti í guðsgrænni náttúrunni frá ystu nesjum til innstu dala eða það líf sem birtist í menningu, sögu, bókmenntum og jafnvel afþreyingu.⁴²

Geta má sér þess til að þessi jákvæða lífsafstaða sem kemur fram í ljóðunum eigi ekki síst rætur að rekja til æskumótunar Hannesar sjálfs og þess öryggis sem hann bjó þá við eins og fram kemur í minningarljóðum hans um foreldra sína: „Söknuði“, „Svefnró“ og „Sonarorðum“.⁴³

Löngu síðar eða í „Undir vetrarhimni“ kom sú hugmynd fram að tilgang mannlífsins sé að finna í jarðlífinu en ekki í tilveru handan þess.⁴⁴ Þar verður hún vissulega ekki fyrir í formi kennisetningar heldur ágengrar spurningar þar sem reiknað er með tilvist Höfundar eða skapara og sköpunarreglu.⁴⁵

⁴¹ Í XI ljóði „Söngva til jarðarinnar“ koma svipuð viðhorf fram, það er hvort afl illsku, haturs og dauða megí sigra með trú á „[...] að gjöfl jörðin / sé einn og kjörinn áfanga- staður manna / ofan í hrollkaldan svörðinn.“ (108).

⁴² Sjá meðal annars ljóðin „Innsveit“ og „Reykjavík á sumardögum“ frá 1968 úr *Innlönd*, sem og „Ágúströkkur“ frá 1982 úr *Eldhýlur*. Í tveimur síðari ljóðunum er slegið á léttu strengi og brugðið upp hversdagslegum myndum. Í „Innsveitum“ er aftur á móti sýnt djúpt inn í hugarfylgnsni skáldsins og þar er ef til vill að finna mikilvægan lykil að skáldskap H.P. en þar kemur fram að áttahagarnir, náttúra þeirra og saga sé mikilvæg uppspretta hans (bls. 179, 187, 378). Sjá Ólafur Jónsson, *Lika líf*, bls. 130.

⁴³ „Söknuður“ ort 1960 birtist í *Stund og staðir*, „Svefnró“ ort 1981 birtist í *36 ljóð*, „Sonarorðum“ ort 1990 birtist í *Eldhýlur*. Ljóðin þrjú má finna á bls. 125, 391 og 436 í *Ljóðasafni* Hannesar. H.P. hefur búið að sterki og jákvæðri foreldraimynd. Sjá Hannes Pétursson, *Jarðlag*. Njörður P Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xxx. Silja Aðalsteinsdóttir, „Formbylting og módernismi“, bls. 105, 107, 113. Ólafur Jónsson fjallaði um gildi bernskureynslunnar í ljóðum H.P. og setti í viðara samhengi. Ólafur Jónsson, *Lika líf*, bls. 129–130. H.P. nefndi „Söknuð“ upphaflega „Á beru svæði“ og hóf að yrkja það á útfarardegi föður síns en þá dvaldi hann erlendis. Hannes Pétursson, *Eintöl á vegferðum*, bls. 49, 55.

⁴⁴ Ort 1982, birtist í *36 ljóð*.

⁴⁵ Varðandi sköpunarreglu sjá og „Bænarstað“ þar sem beðið er skýringar á „hyggjuvitinu“ sem greipt er í gjörvalla sköpun. (*Haustaugu*, 55)

Hví gæti það ekki verið
vilji Höfundarins —
tilgangur
sem oss tekst aldrei að skilja⁴⁶

að hver maður sofni
svefninum endalausa
hverfi til þagnarinnar
þaðan sem hann kom?

Hví skyldi vera merkingarlaust
að mynnast út í þögnina

þá dularfullu þögn
sem drýpur af stjörnunum? (386)⁴⁷

Önnur sjónarhorn á dauðann

Í ljósi þeirrar lífsafstöðu sem hér hefur verið lýst kemur ekki á óvart að víða í ljóðheimi Hannesar Péturssonar er bæði fyrir og síðar vikið að dauðanum á mun mildari máta en gert er í framangreindum ljóðum sem eru flest frá sjötta og sjöunda áratug liðinnar aldar og tilheyra einkum „Söngvum til jarðarinnar“.

Þegar í elstu ljóðum sínum yrkir Hannes um óvissan tíma dauðans. Í fyrri hluta ljóðsins „Í stofu“ gætir nokkurs trega þar sem kvöldkyrrð, næturregn að hausti, einsemd og bið tjá nálægð dauðans í óræðri framtíð en ljóðmælandi spyr af æðruleysi í lokin:⁴⁸

⁴⁶ Jóhann Hjálmarsson áleit það viðhorf sem fram kemur í mörgum ljóðum H.P. um dauðann vera andkristið og ateískt en það hafi síðar vikið fyrir jákvæðara viðhorfi. Jóhann Hjálmarsson, *Íslensk nútímaljóðlist*, bls. 198, 205. Páll Valsson („Umsagnir um bækur“, bls. 127) hefur á hinn bóginn bent á að hjá H.P. megi greina það viðhorf að hinn endanlegi dauði feli ekki í sér að tilveru guðs sé hafnað. Hér er tekið undir þá túlkun ekki síst á grundvelli þessara hendinga. H.P. hefur sjálfur lýst afstöðu sinni til dauðans svo að hún sé skuggagliðin á lífsþorstanum. Gísli Sigurðsson, „Hugsunin um fallvaltleikann“, bls. 7. Sjá og Ólafur Jónsson, *Lika líf*, bls. 126, 131.

⁴⁷ Um þögnina sjá og „Bænarstaður“. (*Haustaugu*, 55)

⁴⁸ Ljóðið ort 1955 birtist í *Kvæðabók*.

[...]

Hvað er berta en bíða kyrr
 hjá bókum sínum, myndum, hlýum arni
 unz kemur hann, sá eini er engan spyr
 hvað augun sáú, höndin snart, en fer
 með okkur gegnum hússins læstu hurðir
 heim með sér... (30)⁴⁹

Ljóðið lýsir gagnstæðri kennd frammi fyrir óvæntri komu dauðans en bent var á í „Söngvum til jarðarinnar“ þar sem honum er lýst sem manni með flugbeitt augnaráð.

Eitthvert hugljúfasta ljóð Hannesar um dauðann er án efa „Í Reykjagarði“.⁵⁰ Þar segir af göngu milli gróinna leiða á sumarkvöldi. Slík för að leiði vina, ættingja eða annarra sem skáldið finnur til skyldleika við kemur þráfaldlega fyrir í ljóðum Hannesar. Ljóð af því tagi má nefna kirkjugarðsljóð. Í Reykjakirkjugarði hvarflar hugur ljóðmælanda aftur í tímann til einhvers sem þarna hvílir í týndri gróf en einnig fram á við til þess tíma er „[...] allt um síðir / sefur í foldu.“ (205) Ljóðinu lýkur þannig:

sefur draumlaust⁵¹
 að duldum vilja
 og æðsta boði

⁴⁹ Varðandi komu dauðans sem ekki verður lokaður úti má benda á lokahendingu X ljóðs í „Söngvum til jarðarinnar: „En Dauðinn á eftir að koma. Hann veit hvar ég bý.“ (107) — Skyld ljóðum um dauðans óvissa tíma eru þau sem fjalla um afmarkaða stund mannsins á jörðinni (sjá „Í Reykjagarði“) en bæði stefin fjalla um forgengileika jarðlífsins og óhjákvæmileg endalok þess við dauðann. Sjá og „Höllin“ frá 1958 úr *Í sumardölum*. (66) Við svipaðan tón kveður í „Kveðju“ frá 1965 úr *Innlönd: Sá sem að morgni hlustaði á söng fuglanna veit að kvöldi „[...] hvernig vegirnir enda.“ (167)*

⁵⁰ Ort 1968, birtist í *Innlönd*. H.P. hefur sterk tengsl við innsveitir Skagafjarðar, bæði ættartengsl og vegna sumardvalar þar í æsku. Hannes Pétursson, *Jarðlag*, bls. 35–121.

⁵¹ Dauðanum er víða líkt við svefn í ljóðum H.P. Í „Panatos“ (gr.=dauði) (1975, „Ýmis kvæði“ í *Kvæðasafni 1951–1976*) er dauðanum líkt við svefn sem ómögulegt sé að villast frá. (281) Enn gætur líkingarinnar í „Sonarorði“ þar sem látnir foreldrar eru sagðir hvíla hlið við hlið og auk þess við hlið „Óskiljanleikans“. (436) Frá svefninum er skammt yfir í þá líkingu að dauðinn felist í þögn. Í „Steinn, að ferðalokum“ frá 1981 úr *36 ljóð* eru nefnd „firnindi þagnarinnar“ en þau ein eru framundan fyrir skáld sem komið er að leiðarlókum. (394) Sjá og „Við gróf Rilkes“ frá 1960 úr *Stund og staðir*. (144) Þá má benda á að H.P. líkir dauðanum við haust eins og fram kemur í fjórtanda ljóði *Heimkynna við sjó* frá 1978. (312) Allt eru þetta hefðbundnar og mildar birtingarmyndir dauðans sem

— sem engir skilja.
Sjá einhver stendur
við stundaglasíð
og allt er grasið
tvær óséðar hendur. (206)⁵²

Hér er dauðanum líkt við ljúfan, draumlausan svefn að unnu dagsverki. Í lokin er svo vikið að duldu lögmáli og þar með tilgangi lífsins. Um leið opnast sú handanlæga vidd sem nefnd var hér framar. Þar birtist óþekkt vera sem vakir yfir stundaglassi og mælir hinn afmarkaða tíma jarðlífsins. Er nærtækt að skilja myndina sem vísun til guðdóms sem er þá nátengdur náttúrunni en grasinu, hinni grænu breiðu sem „[...] hylur moldu / og menn og tíðir“, er líkt við verndandi hendur tímavarðarins sem umlykja allt. (205) Dauðinn líkist því algleymissvefni í öruggum höndum.⁵³

Kenndin sem „Í Reykjagarði“ miðlar kom þegar fram í einu elsta ljóði Hannesar; „Bláir eru dalir þínir“. Þar lýsir ljóðmælandi því hve sæl gleymiskan verði „[...] undir grasi þínu / byggð mín í norðrinu [...]“ (4) Síðarnefnda ljóðið hverfist vissulega ekki um dauðann heldur er það þvert á móti hylling til fæðingar- og uppeldishéraðs skáldsins og því öðrum þræði óður til lífsins. Þar er dauðanum lýst sem algleymi í fangi elskanda en ekki í höndum guðdóms.

Spurningin um samband lifenda og látinna hefur löngum verið áleitin í ljóðum Hannesar Péturssonar. Hún kemur til að mynda fram í kirkjugarðs-ljóðinu „Þú gekkst mér við hlið“.⁵⁴ (377) Vangavelta ljóðmælanda þar tengist óbeint hinni áleitnu spurningu Steins Steinarrs: „[...] hvort er ég heldur hann, sem eftir lifir, / eða hinn, sem dó?“⁵⁵ Svarið í ljóði Hannesar er að hin látnu lifi áfram í hugum þeirra sem muna þau.⁵⁶ Að þeim síðarnefndu gengnum tekur

getur jafnvel komið fram á líknandi hátt. Í „Við gistum borgir“ (*Fyrir kvölddyrum*, 2006) segir ljóðmælandi frá dvöl sinni í (þýskri?) borg sem gengið hefur í gegnum „hildarleik“ og „djöfulæði“ þegar þessi bænaraorð voru hröpuð: „Blær dauðans, kom þú.“ (21)

⁵² Sterk tengsl virðast vera milli ljóðanna „Í Reykjagarði“, „Í Goðdölum“ frá 1975 úr „Ýmis kvæði“ í *Kvæðasafni* og „Þú gekkst mér við hlið“ frá 1976 úr *36 ljóð* sem vísa öll til ferðar tveggja vina að Reykjum í Tungusveit sumarið 1968. (Sjá bls. 205–206, 282–283, 376–377)

⁵³ Hér mætti líta svo á að um algyðistrú sé að ræða. Sjá þó síðar.

⁵⁴ Ort 1976, birtist í *36 ljóð*.

⁵⁵ Steinn Steinarr, *Kvæðasafni og greinar*, Reykjavík: Helgafell, 1964, bls. 156.

⁵⁶ Svipaðrar hugsunar um dauðann og gleymskuna gætir í „Hjá leiði“ (1970, *Rímblöð*). Þar er þögninni sem umvefur hinn dauða líkt við stein við hellismunna sem vísar til grafar Krists. (221)

loks hinn algeri dauði við. Lífendur eru hins vegar endanlega dauðir og gleymdir hinum látnu sökum þess algleymis sem í dauðanum felst.⁵⁷ Í mun yngra ljóði leitar svo svipuð spurning á eins og vart verður í öðrum hluta *Haustaugna* (2018) en hann ber yfirskriftina „Úr orðum þess sem eftir lifir. *Vinaminni*“. Annað ljóðið í þeim hluta hefur titilinn „Stakar stundir hjá grófum“ og fellur í flokk kirkjugarðs-ljóðanna. Þar vitjar ljóðmælandi grafa „tryggðavina“ sem hvíla undir „kyrrðarfargi moldarinnar“ meðan ljóðmælandi á þess enn kost og „að finna til lífsins“. (*Haustaugu*, 29, 28) Á göngu sinni milli grafanna kemst hann að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir allt byggi lífendur og látnir sama, altæka heim:

Hið óræða —
 ekki stafar því hingað handan yfir
 leyndardómsfull landamæri.
 Staðfesta þess er hér:
 í stundarheiminum sjálfum
 fellt við upphafsþrumuna
 í alla sköpun.

Þeir sem þögn jarðar geymir
 og þeir sem lífs njóta
 búa hlið við hlið
 í heimi sem er einn
 og altækur. (*Haustaugu*, 33)

Bakgrunnur að hugleiðingunni um lífendur og látna sem samborgara í einum, altækum heimi kemur vel fram í þeirri „heimsmynd“ sem birtist í upphafshendingum ljóðsins. Þar er því hafnað að milli hinnar óræðu handanlægu víddar og þeirrar „þessa-heimslegu“ séu staðsett skýr mæri.⁵⁸ Þvert á móti er litið svo á að „hið óræða“ sé hluti af efnisheiminum.⁵⁹ Þessi sýn samræmist tveimur meginstefjum sem ganga í gegnum þá mynd af dauðanum sem blasir við í ljóðheimi Hannesar: að handan við lífið bíði ekkert og að jörðin sé miklu meira en nóg.

Í þessu ljóði er sett fram afdráttarlaust viðhorf til sambands hins tímanlega og eilífa, „stundarheimsins“ og „hins óræða“. Ljóðmælanda virðist líka mikið

⁵⁷ Hér gætir hugmyndar um kognitíft framhaldslíf, sbr. lífeðlisfræðilega hugmynd í „Í kirkjugarði“.

⁵⁸ Hér má líta svo á að hér gæti algyðistrúar. Sjá þó síðar.

⁵⁹ Sama sýn virðist koma fram löngu síðar í „Fyrirburði“ þar sem segir að himnaríki hafi færst til „ókennilegra uppheima“ við nokkurs konar sekúlarísingu eða afhelgun.

niðri fyrir eins og fram kemur í upprunalegri skáletrun í fjórðu hendingu ljóðsins. Sökum þessa þunga má líta svo á að þarna tali skáldið sjálft. Hér er hvað sem öðru líður þeirri tvenndarhyggju (e. *dualism*) hafnað sem löngum hefur verið ríkjandi í kristinni trúarhefð og því stígveldi milli efnis og anda sem í henni felst. Hinn skynjanlegi heimur og handanheimurinn falla saman. Efnið er óaðgreinanlegt frá andanum. Maðurinn er sál-líkamleg vera. Ólíkar víddir tilverunnar standa okkur opnar í óklofnum altækum heimi þótt við séum oftast ómeðvitun um það.⁶⁰ Vegna þess hve ungt ljóðið er má líta á þetta sem hluta af lokaniðurstöðu Hannesar ef lífsverk skálds leiðir til ályktunar.

Leynardómur tilverunnar og opinberun hans

Hér frammar hefur verið sýnt fram á að víða í ljóðum Hannesar Péturssonar birtist það viðhorf að líf mannsins í þessum heimi veiti tilveru hans fullnægjandi tilgang án þess að til komi einhvers konar „handan-tilvera“ eða framhaldslíf. Í fjölmörgum ljóða sinna bæði fyrr og síðar hefur hann enda brugðist við heiminum á lofsöngvakenndan hátt. Í ljóðinu „Umhverfi“ leitar þó sú ágenga spurning á ljóðmælanda hve lengi hann geti lofsungið alla þá jarðnesku hluti sem huga hans gleðja:⁶¹

[...] (Vegna þess að heilt erindi er fellt brott.)

hve lengi, án þeirrar vissu að eitthvað sé til
ofar sérhverjum stað, hverri reynslu og hugsun
sem teflir þessum fjöllum fram, þessu hafi
fjarlægð og nálægð, öllu — lífi og dauða

leikur því fram fyrir augum mér öruggri hendi? (160)

Hér kveður við óvenjulegan tón í lofsöngvum Hannesar og má vel líta á hann sem trúarlegan. Hendingarnar sýna einnig að á sjöunda áratugi liðinnar aldar var tekið að gæta þeirrar heimsmyndar eða umhverfismeðvitundar í ljóðum Hannesar sem ekki gerir aðeins ráð fyrir hulinni vídd heldur og handanlægum geranda. Í „Stökum stundum hjá gröfum“ kann sá „gerandi“ vissulega að vera ópersónuleg „upphafsþruma“, *Stóri hvellur?* Í „Umhverfi“ er gerandinn aftur á

⁶⁰ Hér má merkja skyldleika við hugarheim R.M. Rilkes. Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins*, bls. 180–188.

⁶¹ Ljóð ort 1965, birtist í *Innlönd*.

móti persónulegur og er líkt við öruggan skákmann sem hefur allar leikfléttur á valdi sínu. — Er þar væntanlega kominn tímavörðurinn sem stígur fram á sviðið í „Í Reykjagarði“.

Ljóðið „Ljós og hljómar“ tengist einni af stórhátíðum kirkjuársins, jólonum, en fjallar í raun um opinberun dulins veruleika.⁶² Ljóðmælandi hefur kveikt á kerti á borði sínu og bíður :

Og bíð þess að ég finni

[...] (Vegna þess að heilt erindi er fellt brott.)

sem forðum að glaðir hljómar
 séu lagðir af stað
 út úr lágum turnunum
 að ég heyri þá svífa
 yfir hvítt landið og stefna
 hærra, hærra!
 eins og hyggist þeir setjast
 á sjálfar stjórnurnar
 svo ljós og hljómar
 geti hafð í einingu saman
 af hinnum gegnum loftin
 sína heilögu ferð. (161)

Sterk hliðstæða er milli „Ljóss og hljóma“ og töluvert yngra ljóðs, „Páskalilja“.⁶³ Þar yrkir Hannes um blóm sem standa á borði með bikara fyllta ilmi sem enginn nemur nema sá sem lýtur að þeim „[...] líkt og sá / sem krýpur að lind og slekkur þorsta sinn þar.“ Ljóðinu lýkur svo á þessum hendingum: „[...] Þeim einum sem vitja / ilms ykkar, lífs ykkar, takið þið tveimur höndum / því tíminn er kominn, hin rétta stund til að anga. (60)⁶⁴ Í báðum ljóðunum er því beðið

⁶² Ort 1965, birtist í *Innlönd*.

⁶³ Ort 1959, birtist í *Í sumardöllum*.

⁶⁴ Hugmyndin um „opinberun“ hulins veruleika á réttum tíma kemur víðar fram í ljóðum H.P., meðal annars í lokahendingum „Skelja“ frá 1951 úr *Kvæðabók* (5) Í „Undrinu“ frá 1962 úr *Stundir og staðir* gætir enn þeirrar hugsunar að leyndardómur birtist á veraldlegan hátt. (129) Í „Stjörnubrunni“ frá 1965 úr *Innlönd* gætir skyldrar hugsunar en þar er bent á að hin rétta stund verði ekki þvinguð fram. (162) Í grisku er greint á milli *kronos*, hins mælanlega tíma, og *kairos* sem nær yfir náðar- og ögurstund, það er hinn rétta tíma sem drepið er á í ljóðunum.

eftir undri sem gerist þegar þess tími er kominn. Kertið og blómin á borði ljóðmælanda eru efniskenndir hlutir sem þjóna sem farvegir opinberunar. Þar með verða þau veraldleg sakramentisefni sem umbreyta skrifborði í altari sem ekki er þó helgað neinum guði. Í þessum tveimur ljóðum er lýst þögulli íhugun þar sem ljóðmælendur leitast við að skynja þá opinberun er „gladdir hljómar“ taka að óma að minnsta kosti fyrir innri eyrum eða ilmur að berast að vitum. Í báðum tilvikum er um opinberun dulinnar víddar eða leyndardóms að ræða sem ýmist er hulinn eða opinn eftir því hvort viðtakandinn lifir hina „réttu stund“ eða ekki.

Í „Endurkomu“ er enn vikið að opinberun hulinnar víddar en í spurnarformi líkt og þegar fjallað er um tilgang lífsins í „Undir vetrarhimni“ eins og þegar hefur verið minnst á.⁶⁵ Nú er sjónum beint að veigamiklum þætti í kristinni kenningu sem á máli guðfræðinnar kallast eskatología (gr. *eschatos*=síðastur, hinstur). Hún fjallar um dauðann, hinsta dóm og lokatakmark mannsins, einstaklingsins og mannkyns alls, þar á meðal upprisuna, eilífa lífið og *ríki Guðs* sem opinberast þar sem og þegar vilji Guðs verður „svo á jörðu sem á himni“. Grunntónn eskatológískrar orðræðu snýst því um boðskap kristinnar um vonarríka framtíð. Jafnframt felur hún í sér ógnþrungin endalok veraldarinnar, heimsendi. Er þá vissulega fremur um svokallaða apókalýptík (gr. *apokalypsis*=afhjúpun, opinberun) að ræða sem meðal annars kemur fram í *Opinberunarbók Jóhannesar*. Til hennar virðist einmitt vísað í upphafshendingum ljóðsins þar sem rætt er um flughraða komu „hans“, það er Krists, við lúðurdyn í fyllingu tímans.⁶⁶ Í síðara erindinu er víraður efi um hvort hið apókalýptíska myndmál um dómsdag lýsi best endurkomunni eða hvort ódramatískari líkingar eigi betur við:

[...]

Eða kemur hann eins og geislinn
sem klýfur nú yfir fjallinu
kvöldskýið gullinrauða
— sólstafur sem fellur
á foldir í þögn og mildi

og leggur engan dóm
á lifendur og dauða? (196)

Hér er ekki aðeins spurt um hinsta dóm. Spurningin snýst um sjálft eðli opinberunarinnar þegar hin hulda vídd opnast: lýtur hún sínum einstöku lög-

⁶⁵ „Endurkoma“ ort 1968, birtist í *Innlönd*.

⁶⁶ Sjá Opb 1.10, 4.1, 8.13.

málum sem líta má á sem yfirnáttúruleg? Er afhjúpun „hins hulda“ sinnar eigin tegundar, *sui generis* á máli guðfræðinnar, eða opinberast hið hulda í náttúrulegum fyrirbærum, til dæmis fegurð himins og jarðar, páskaliljum eða kerti á borði? Hér eru einnig undir stórar spurningar um guddóminn og sjálfafhjúpun eða birtingarmyndir hans: hvort guð sé handanlægur eða „þessa-heimslegur“, hvort guð búi og starfi í náttúrunni eða standi ætíð og eðli sínu samkvæmt utan hennar og þeirra lögmála sem hún lýtur. Loks er hér einnig spurt um guðsmyndina: er guð dómari sem dæmir samkvæmt eigin lögmálum — vonandi af réttlæti — eða er hann umburðarlyndur kærleikur sem dæmir hvorki lifendur né dauða? Hér má því segja að hreyft sé við mörgum meginstöðum kristinnar. Sé litíð svo á að í ljóðinu sé ekki tæpt á neinum svörum nægir að benda á að síðar átti skáldið eftir að staðhæfa að „hið óræða“ sé staðfest í „stundarheiminum sjálfum“ eins og fyrr er rætt. Svarið við spurningunni í „Endurkomu“ varð því fyrir rest að hið hulda búi í fyllingu sinni í sólstafnum sem gyllir Skagafjarðarfjöllin í ljóðmyndinni.⁶⁷

Í „Endurkomu“ er aðeins vikið með óbeinum hætti að Kristi. Það kemur þó fyrir að opinberun hans er sett fram með beinskeyttara móti en frumþáttur kristinnar trúar felst einmitt í að Guð hafi opinberast mönnum í honum. Sterka Kristsnánd má skynja í ljóðinu „Í styrjöldinni“.⁶⁸ Þar vitjar ljóðmælandi (þýskrar?) dómkirkju sem staðið hefur af sér loftárásir í borg þar sem allt er hrunið sem hrunið getur. Það er haust og loft þrútið og lævi blandið. Innst í kirkjunni hangir róða sem lýstist að hluta upp af geisla sem fellur inn um rósaglugga.⁶⁹ Frammi fyrir Kristis-myndinni heyrir ljóðmælandi rödd sem segir:

[...]

Myrkur. Þó greini ég andlitin enn.
Og öðru hverju blíkar á hjálma.
Ég heyri grátið, sé hlakkandi menn
sé hendur sem upp um krosstréð fálma.

Í síðu og höndum ég sviðann finn.
Sveiti og blóð er sú flík sem ég klæðist.
En þú sendir mig, ég er sonur þinn
ég er sjálfur þú. Nú dey ég — og fæðist. (211)

⁶⁷ Hér má líta svo á að um algyðistrú sé að ræða. Sjá þó síðar.

⁶⁸ Ort 1970, birtist í *Rímblöð*.

⁶⁹ Gluggi helgaður Maríu guðsmóður.

Ljóðmælandi er ekki lengur staddur í kirkju heldur á Golgata-hæð og heyrir Krist mæla af krossinum.⁷⁰ Af lokahendingunni má ráða að dauði hans hafi ekki verið sá afdráttarlaus dauði sem víða verður fyrir ljóðum Hannesar heldur sé krossdauðinn upphaf að endurnýjaðri tilveru.

Efi og öryggi

Víða gætur ágengs efa í ljóðum Hannesar Péturssonar. Þetta kemur ekki síst fram í þeim kvæðum sem hér eru nefnd kirkjugarðsljóð. Ljóðið „Veggmynd“ fjallar sérstaklega um efan en þó út frá allt öðru sjónarhorni en í kirkjugarðsljóðunum.⁷¹ Það er ort í orðastað Tómasar, postulans sem vildi þreifa á sárum Kristi áður en hann léti sannfærast um upprisuna.⁷² Ljóðið er íhugun út frá kvöldmáltíðarmynd líkt og „Í styrjöldinni“ er ort út frá róðu. Myndin er þó sett í lifandi samhengi og lýsir skarkala og umhverfishljóðum á þessari helgu stundu. Undir lok ljóðsins ávarpar postulinn lesandann og segir:

Ég horfi útundan mér
á hendur sannvinnar mínar
er hann hefur upp bikarinn.

Og þér virðist sem ég hlusti
á háreysti borgarinnar.

Hvílík skekkja!
Skyggstu betur í andlit mér.

Sjá, augu mín loga
af löngun í snertingu
sem er heil —
heil, sjónhverfingalaus. (427–428)

Efi í trúarefnum er oft talinn veikleikamerki meðal þeirra sem trúá. Tómasi hefur enda verið legið á hálsi gegnum aldirnar. Hér er jákvæðu ljósi aftur á móti brugðið á efan. Í honum kann að leynast löngun, þrá eftir því sem er heilt. — Efi og afneitun eru ekki eitt og hið sama.

⁷⁰ Víðar er H.P. nálægð Kristi í heiminum hugstæð, sjá lokalinur „58. ljóðs“ frá 1978 úr *Heimkynni við sjó*. (356)

⁷¹ Ort 1991, birtist í *Eldhyllur*.

⁷² Jóh 20.25.

„Kvöldljóð“, síðasta ljóðið í nýjstu ljóðabók Hannesar, *Haustaugum*, er líka ort með kvöldmáltíðarsakramentið í huga en nú út frá annars konar sjónhrifum: sólarlagi á sumarkvöldi að því er virðist á Álftanesi þar sem Snæfellsjökul ber við hafsbrún. Er þar komið enn eitt sjónarhorn á þá heimssýn sem verður víðar fyrir í ljóðheimi Hannesar: hið heilaga birtist í hinu náttúrulega en ekki með yfirskilvitlegum hætti.

Nú geislar sumar!
Sól hnígur
í rauðan fjörð hjá fannhvítu
fjalli við hafsbrún:
 Brauð og vín
 á borði helgrar jarðar!⁷³

Og ég neyti þessa brauðs
bergi þetta vín
ég, hinn efagjarni
sá sem ungur treysti
alhugað
dýrð ljómans yfir fjárhirðunum
og leiðsögn stjórnunnar háu

en er nú alls kostar
undir það búinn
að möllflugur geri sér hreiður
í helgum fyrirheitum

og svefn komi
kaldur niður í gegn
svefn, þó umlukinn
því sem enginn þekkir til grunna —

hinn efagjarni
sá sem oft rýmir úr huga sér
á andartaki
öllum mannasetningum á himni:
reytir nafn

⁷³ Sjá framfar um beinar og óbeinar vísanir til sakramentisins.

á nafn ofan
af hnöttum hvólfsins, þangað til
að í tóminu ríkir
tærleiki stjarnanna —⁷⁴

aðeins ljós sem er ljós
og myrkur sem er myrkur.

En nú geislar sumar!
Sól hnígur.
Brauð og vín
er á borði helgrar jarðar.

Og ég neyti þessa brauðs
bergi þetta vín
ég, hinn efaþjarni
sá sem innan skamms
óvissa stund
slæst í fylgd með söngnum
silfurhjarta
inn í kvöldskuggaþröng
þar sem klukkuhjómur ferðalagsins þagnar. (*Haustaugu*, 58–59)

Sé fallist á að ljóðmyndinni sé brugðið upp frá Álftanesinu, heimkynnum Hannesar við sjóinn, virðist ljóst að hér játi hið aldraða skáld efasemdir sínar þegar það ryður úr huga sér öllum mannasetningum uns ekkert stendur eftir nema tært tómið. Um leið er það sér meðvitað um að það kvöldar í lífi þess og senn muni sól setjast og undur ferðalagsins „þagna“. Þó etur það af brauðinu og bergir af víninu, náðar- og sakramentisefnunum sem náttúran reiðir fram og miðlar eins og í kvöldmálúðinni nálægð þess „[...]sem enginn þekkir til grunna“. Jafnframt bregður ljóðið ljósi á andlega vegferð skáldsins frá barnatrú til efa.⁷⁵

⁷⁴ Hér má greina ákveðna smættunarhyggju (e. *reducionalism*) sem einnig verður fyrir í mun eldra ljóði eða 55. ljóði í *Heimkynnum við sjó* en það var ort 1977. (353)

⁷⁵ Í „Sonarorðum“ má merkja þróun frá barnatrú til efa. (436) Sama þróun kemur fram í „Talað við Einhyrning“ (1986–1989, *Eldhytur*). Þar er þessi klifun: „Þið átti ég að bróður / í þagnarljósi barnshjarta míns. / En þig missti ég / og þín er ég að leita, sífellt ...“ (442, 445) Mótífið kemur einnig fram í næst nýjustu bók H.P. (*Fyrir kvölddyrum*, bls. 46–47). Þar hefur þróunin þó almennari skírskotun og nær öðrum þræði yfir afhelgun. Einnig virðist skírskotað til afhelgunar í „Fyrirburði“ í nýjustu bók H.P. er einnig vikið að afhelgun en

Mörgum, hættir til að tengja saman efa og tómhyggju. Sú athugun sem hér er gerð á ljóðheimi Hannesar Péturssonar sýnir að slík staðhæfing er fjarri lagi hvað hann áhrærir. Þvert á móti einkennist kveðskapur Hannesar af jákvæðri lífsafstöðu sem felur í sér þá fullvissu að líf mannsins í þessum heimi sé tilgangsríkt í sjálfu sér öfugt við það sem kennt er í ýmsum trúarbrögðum og hefur einkennt kristnina á löngum tímabilum. Því kemur ekki á óvart að í ljóðunum gætir tíðum kvíðaleysis og djúpstæðrar öryggiskenndar. Sem dæmi um slíka lífsafstöðu má nefna ljóðið „Áleiðis“.⁷⁶ Í fyrra erindi þess er brugðið upp mynd af ríðandi manni á langferð um heiðalönd á haustkvöldi. Í síðara erindinu segir:

Engu þarf að kvíða.
Nú kular úr opnum skörðum
og lækurinn hljóðnar
í lautunum mér að baki.
Engu þarf að kvíða
klárinn fetar sinn veg
stefnir inn í nóttina
með stjörnu í enni. (207)

Erindið býður vissulega upp á ólíka túlkunarmöguleika og ekki er augljóst að ljóðið vísi út fyrir þá mynd sem dregin er upp af ferðamanninum í fyrra erindinu og kenndina sem miðlað er í því síðara. Sé ljóðið aftur á móti lesið sem umþenking um líf mannsins á jörðinni og óhjákvæmleg endalok þess, en það virðist nærtækasti lesháttur þess, miðlar það trúarlegum boðskap og öryggiskennd. Þá fær líka hvíti depillinn í enni þess stjörnötta nýja merkingu, verður endurskin annarrar stjörnu sem vísaði rétta leið forðum. Því þarf engu að kvíða þótt kuli úr skörðum og nótt fari að.

þá látinn í ljós efi um ágæti ráðgátulauss heims (*Haustaugu*, bls. 16–17). Efi H.P. virðist því nokkuð tviátta. Í minningabók sinni vikur H. P. víða að trúarmótun sinni og barnatrú en nefnir einnig atvik úr æsku sem kann að hafa markað upphaf vegferðar í átt að aukinni afstæðishyggju og efa. Hannes Pétursson, *Jarðlag*, bls. 36, 48–49, 147, 174–176, 177, 204, 207, 239, 252–254, 278–279. Sjá og Gísli Sigurðsson, „Hugsunin um fallvalteikann“, bls. 7, 8. Það kemur ekki á óvart að þegar H.P. nefnir guð berum orðum í „Stund einskis, stund alls, VII“ (1962, *Stund og staðir*) er það „þagnaður guð“. (141) Svipað mótíf kemur fram í miklu yngra ljóði, „Bænarstaður“ þar sem ljóðmælandi kveðst trekk í trekk hafa leitað svara við „Þagnarmúrinn“ sem hafi jafnharðan hrundið frá sér „[...] hverri játningu / hverri bón / hverju minnsta orði.“ (*Haustaugu*, 55) Sjá og Njörður P. Njarðvík, „Ferðin heim“, bls. xxxv.

⁷⁶ Ort 1965 birtist í *Innlönd*.

Að endingu

Efa gætir víða í ljóðheimi Hannesar Péturssonar. Efinn er þar áleitinn kennd fremur en mótuð afstaða og felst ekki síst í spyrjandi hiki. Hann er því opin og „dýnamískur“ en felur ekki í sér útilokun eða afneitun. Vera má að þessi blæbrigði sín hafi efinn fengið vegna þess að hann hefur ekki fylgt skáldinu ævilangt heldur tók við af djúpstæðri barnatrú. Í ljóðunum segir víða frá vegferð ljóðmælanda frá trausti til leitandi glímu við leyndardóma tilverunnar. Þetta gefur ljóðunum trúarlega vidd í þeirri merkingu sem það orð hefur í þessari grein.

Í ljóðum Hannesar kemur þó oft fram skýr afstaða sem ýmist er sett fram í ágengum spurningum eða afdráttarlausum yrðingum. Meðal annars er fullyrt að handan við lífið bíði ekkert, að einstaklingsbundinni tilveru okkar sé endanlega lokið við dauðann þótt við lifum um skeið í hugum þess fólks sem man okkur og sameinumst svo eilífri hringrás náttúrunnar. Þetta veldur því þó ekki að í ljóðunum sé dauðinn útmálaður sem óvinur heldur er einnig brugðið upp af honum mildum myndum. Í því felst þó engin málamiðlun. Hvarvetna í ljóðheiminum kemur það viðhorf fram að tilgangsins með jarðlífinu sé ekki að leita í tilvist að því loknu heldur að hann búi einmitt í jarðlífinu hér og nú — í því lífi sem lifað er og notið.

Þrátt fyrir að tilveru handan lífs og dauða sé hafnað gætir oft í ljóðunum þeirrar heimsmyndar að tilveran sé ekki öll þar sem hún er séð. Má raunar líta svo á að hér sé um rauðan þráð að ræða við hlið efans. Víða verður fyrir sú sýn að auk hins „þessa-heimslega“, hinnar efnis- og tímanlegu víddar sé til eitthvað „órætt“, hulið sem ekki verði þekkt til fulls. Fyrir kemur að í hinu óræða djúpi örli á persónugerðri veru, er tefli tilverunni fram, vaki yfir afmörkuðum tíma okkar á jörðinni og haldi okkur öllum í ósédum höndum. Hér virðist um guddóm að ræða jafnvel skapara. — Upphaf alls kann þó allt eins að vera „upphafsþruma“, *Stóri hwellur*. — Hin hulda vera er þó jafnan þögul, hulin, dul og óþekktanleg. Hún er fremur skynjuð á óræðum nótum en opinberuð til hlítar.

Tíðum gætir í ljóðunum hugmynda sem minna á algjöðustrú sem felur það í sér að ekki sé mögulegt að greina á milli skaparans og sköpunar hans. Vera má að þar sé frekar á ferðinni höfnun á klassískri tvíhyggju sem einkennt hefur vest-ræna trúarhugsun sem og það stigveldi efnis og anda sem henni er samfara. Af þessum sökum er tæpast mögulegt að líta svo á að í ljóðum Hannesar sé að finna handanlæga vidd í hefðbundnum skilningi. Þvert á móti er „hið óræða“, óþekkt og óþekktanlega samslungið hinna „þessa-heimslegu“ vídd tilverunnar. Einmitt þess vegna birtist „hið óræða“ í náttúrulegum fyrirbærum — sólstöfum í skýjarofi yfir Skagafirði eða sólarlagi á Álftanesi — sem og „þessa-heimslegum“ hlutum — kerti eða páskaliljum á borði. Allt eru þetta veraldleg sakramentisefni sem

gera „hið óræða“ sýnilegt. Þessi samtvinnun „hins óræða“ og þess náttúrulega leiðir til þess að alheimurinn og gjörvöll tilveran er heilög ef gripið er til hefðbundinnar orðræðu guðfræðinnar. Þessi hugsun kemur snemma fram og verður loks að nokkurs konar niðurstöðu.

Ungum var Hannesi Péturssyni legið á hálsi fyrir að hann léti sér vanda jarðlífsins í léttu rúmi liggja og ljóð hans væru fánýt þegar um málefni líðandi stundar væri að ræða. Sú gagnrýni á ekki við lengur. Tími Hannesar er runninn upp. Ljóð hans hafa mikilvægan boðskap að færa á öld loftlagshamfara af manna völdum. Þau sem viðurkenna að „hið óræða“ eigi staðfestu sína í „stundarheiminum sjálfum“ hljóta að gangast við ábyrgð sinni á Móður jörð og öllu því sem hún ber í faðmi sínum.

ÚTDRÁTTUR

Hannes Pétursson hefur verið meðal merkustu samtímahöfunda þjóðarinnar allt frá því hann sendi frá sér fyrstu bók sína 1955. Því er mikilvægt að fjallað sé um ljóðlist hans út frá sem flestum sjónarhornum. Hér er leitast við að nálgast hana frá guðfræðilegri hlið. Í greininni er fjallað um dauðann eins og hann birtist í ljóðum Hannesar. Fyrst er vikið að ljóðum þar sem lítið er á dauðann sem algjör endalok alls en síðar þeim sem bregða upp öðrum sjónarhornum á dauðann. Að því loknu er fengist við nokkur þemu sem lúta að trúnni: spurningum um jarðneska tilveru og opinberun leyndardóms að baki hennar, sem og efa gagnvart leyndardóminum en jafnframt djúpstætt öryggi mitt í efanum.

Sýnt er fram á að efa gæti víða í ljóðum Hannesar Péturssonar. Efinn er þar áleitinn kennd fremur en mótuð afstaða og felst í spyrjandi hiki frekar en afneitun. Í ljóðunum kemur og víða fram skýr afstaða um að handan við lífið bíði ekkert. Þrátt fyrir það gætir oft þeirrar heimsmyndar að auk hins „þessa-heimslega“ sé til eitthvað „órætt“ eða hulið sem ekki verði þekkt til fulls. Hvarvetna í ljóðheiminum kemur samt það viðhorf fram að tilgangssins með jarðlífinu sé ekki að leita í tilvist að því loknu heldur að hann búi einmitt í jarðlífinu hér og nú — í því lífi sem lifað er og notið.

Lokaniðurstaða greinarinnar er að ljóð Hannesar flytji mikilvægan boðskap á öld loftlagshamfara af manna völdum. Þau boða að „hið óræða“ eigi staðfestu sína í „stundarheiminum sjálfum“. Þau sem taka þann boðskap alvarlega hljóta að gangast við ábyrgð sinni á Móður jörð og öllu því sem hún ber í faðmi sínum.

Lykilorð: Íslensk nútímaljóðlist, Hannes Pétursson, dauðinn, trú og efi.

A B S T R A C T

Hannes Pétursson (born 1955) has been among Iceland's most significant contemporary poets ever since he published his first book in 1955. In the article, the author makes an attempt to approach Pétursson's poetry from a theological perspective. The article discusses death as it appears in the poems. First in poems where death is seen as the end of everything and later in poems that show other perspectives on death. After that, several themes related to faith will be dealt with: questions about human existence and the revelation of the mystery behind it, as well as doubt about that mystery.

Doubt appears clearly in many of Pétursson's poems. Often the doubt is, however, more of an unclear feeling than a formulated attitude. In many of the poems the conviction is expressed that nothing awaits human beings after death. Everywhere in the poems, also, the attitude is announced that the purpose of earthly life is not to seek in existence after it but in everyday life that is beautiful, rich, and meaningful.

Keywords: Icelandic modern lyric, Hannes Pétursson icelandic poet, Attitude to death, Faith and doubt.

HJALTI HUGASON

Prófessor í kirkjusögu

guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-102 Reykjavík, Ísland

hhugason@hi.is

